




Innlána safnið – fyrir þá sem vilja ekki taka markaðsáhættu




Lítill áhætta




Varfærna safnið – fyrir þá sem vilja taka minni markaðsáhættu




Hófleg áhætta



Áræðna safnið – fyrir þá sem vilja taka meiri markaðsáhættu



Meiri áhætta



Tölur miðast við 30.06.2023

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um samsvarandi ávöxtun í framtíð

Orðsending fjárfestingaráðs:

Verðbólga erlendis hefur hjaðnað töluvert síðustu mánuði. Í Bandaríkjunum fór hún hæst í rúm 9% fyrir tæpu ári síðan en mældist um 4% í júní. Þrátt fyrir nokkurn árangur í baráttu við verðbólgu gera markaðsaðilar ráð fyrir því að hún verði þrálát og að vextir eigi eftir að haldast háir um nokkurt skeið. Það á sinn þátt í slakri ávöxtun á erlendum skuldabréfamörkuðum. Bjartsýni fjárfesta um að verðbólgan hjaðni áfram hefur hins vegar haft jákvæð áhrif á erlendan hlutabréfamarkað og hefur heimsvísitala hlutabréfa hækkað mikið það sem af er ári eða um 15%. Hérlendis hefur gengið verr að draga úr verðbólgu, þó hún hafi hjaðnað frá því að hún var hæst í febrúar á þessu ári. Verðbólga, sem virðist áfram vera á breiðum

grunni, mældist 8,9% í júní. Seðlabankinn hefur því haldið áfram að hækka vexti og í nýjstu yfirlýsingu bankans kom fram að horfur væru á frekari hækkun stýrivaxta. Hins vegar virðast vera teikn á lofti um að farið sé að hægjast á innlendu hagkerfi, þar sem vísbendingar eru um að vöxtur einkaneyslu sé að dragast saman. Næstu verðbólguáætlunir munu því veða þungt í ákvörðunum Seðlabankans um þróun stýrivaxta. Þessi óvissa hefur haft mikil áhrif á ávöxtun á innlendum eignamörkuðum. Það sem af er ári hefur nafnvöxtun séreignasafna verið viðunandi eða um 3,3-3,7% fyrir áræðna og varfærna safnið og 2,9% fyrir tilgreinda séreignasafnið.